

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2014****2014/EES/71/20****frá 27. júní 2014****um breytingu á XIII. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 328/2012 frá 17. apríl 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 62/2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 280/2013 frá 22. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 62/2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 37h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt við:

- **32012 R 0328**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 328/2012 frá 17. apríl 2012 (Stjtið. ESB L 106, 18.4.2012, bls. 14),
- **32013 R 0280**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 280/2013 frá 22. mars 2013 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2013, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 328/2012 og (ESB) nr. 280/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 106, 18.4.2012, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 84, 23.3.2013, bls. 17.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.